

Alþingi
Erindi nr. **P** 128/437
komudagur 3.12.2002
128/437



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Við Austurvöll

150 Reykjavík

JRP/AA

Rvk. 3.12.2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti, 347. mál, EES-reglur.

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti. Markmið frumvarpsins er að setja heildarlöggjöf um réttindi og skyldur í verðbréfavíðskiptum og hegðunarreglur á fjármálamarkaði. Frumvarpið tengist framkomnu frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki. Gildissvið frumvarpsins skv. 1. gr. endurspeglar því starfsheimildir fjármálafyrirtækja skv. því frumvarpi. Af athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins er þó ljóst að gildissvið frumvarpsins, ef að lögum verður á þessu þingi nær til allra aðila fjármálamarkaðarins. Frumvarpið tekur þannig efnislega jafnt til einstaklinga og lögaðila, svo sem fjárfestinga einstaklinga og annarra fjárfesta fyrir eigin reikning. II. kafli frumvarpsins fjallar hins vegar eingöngu um réttindi og skyldur fjármálafyrirtækja í tengslum við verðbréfavíðskipti.

Tvær greinar frumvarpsins gefa að mati SA tilefni til sérstakrar skoðunar nefndarinnar:

Í 27.gr. eru ákvæði um flöggunarskyldu og ganga þau lengra en ákvæði tilskipunar EB, eins og lýst er í greinargerð frv. 5% eignarhlutur er ekki verulegur hluti í félagi þar sem t.d. 2-3 aðrir eiga samanlagt meirihluta hlutafjár, en 5% geta skipt miklu meira máli í öðru félagi með aðra dreifingu og samþjöppun. Með þessu ákvæði eru settar of strangar skorður í frjálsum athafnalífi. Svona ákvæði geta að mati SA snúist upp í andhverfu sína og í raun verndað hagsmuni stærri hluthafa.

Í 43. gr. er fjallað um innherja og misnotkun á upplýsingum og hugtakið innherjaupplýsingar skilgreint. Í greinargerð frv. er innherjaupplýsingum lýst svo að þær hefðu haft áhrif á „*heildarmynd skynsams fjárfestis...*“ Þessi lýsing á innherjaupplýsingum gefur stjórnvaldi og dómara óþarflega mikið túlkunarvald enda er ekki talað um upplýsingarnar hafi haft „veruleg áhrif“ á viðskiptin. Þetta almenna orðalag kann að leiða til þess að hvers konar léttvægar upplýsingar geti leitt til gruns um innherjasvik. Þarna er einnig gengið lengra heldur en ákvæði tilskipunar EB gera kröfu til.

Virðingarfyllst,

Jón Rúnar Pálsson